

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/78/EB

2008/EES/10/06

frá 29. apríl 2004

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB um hitakerfi fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og tilskipun ráðsins 70/156/EBE með tilliti til aðlögunar að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2001/56/EB þessa tvo nýju EN-staðla sem og helstu þætti reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾ einkum 2. mgr. 13. gr.,

4) Því ber að breyta tilskipun 2001/56/EB til samræmis við þetta, einkum ber að skipta út VIII. viðauka, til glöggvunar.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27. september 2001 um hitakerfi fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

5) Vegna innleiðingar krafna um hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolúgasi er ekki lengur þörf á undanþágum að því er varðar hitakerfi í ökutæki til sérstakra nota, einkum húsbíla og dregin hjólhýsi sem eru mjög oft búin hitakerfum sem brenna fljótandi jarðolúgasi. Því þurfa samhæfðu öryggisákvæðin í tilskipun 2001/56/EB að gilda um öll ökutæki þ.m.t. ökutæki til sérstakra nota eins og um getur í XI. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2001/56/EB er ein sértilskipananna sem heyra undir EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Í tilskipun 2001/56/EB er mælt fyrir um kröfur um gerðarviðurkenningu á ökutækjum með brennsluhitara og á brennsluhitum sem íhlutum.

6) Því ber að breyta tilskipun 70/156/EBE til samræmis við þetta.

2) Samkvæmt 5. gr. tilskipunar 2001/56/EB skal framkvæmdastjórnin taka til skoðunar frekari öryggiskröfur að því er varðar hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolúgasi í vélknúnum ökutækjum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót samkvæmt 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3) Fram að þessu hafa aðildarríkin beitt sérstökum innlendum kröfum um ökutæki með hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolúgasi. Til að tryggja samhæfða nálgun að því er varðar tæknilegar kröfur um búnað og hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolúgasi skal beita tveimur fyrirliggjandi Evrópustöðlum innan gerðarviðurkenningarkerfisins fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra. Með tilliti til tækniframfara er því talið nauðsynlegt að taka upp í tilskipun

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Breyting á tilskipun 2001/56/EB

Tilskipun 2001/56/EB er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 153, 30.4.2004, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 4.

(¹) Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/3/EB (Stjtið. EB L 49, 19.2.2004, bls. 36).

(²) Stjtið. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

1. Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun.

2. Í stað VIII. viðauka komi textinn í B-hluta I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Breyting á tilskipun 70/156/EBE

Tilskipun 70/156/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Að því er varðar nýja gerð ökutækis, sem er búin hitakerfi, sem brennir fljótandi jarðolíugasi, og er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I., II., og IV. til VIII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. október 2004 af ástæðum er varða hitakerfi:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu,

eða

b) banna að ökutæki verði skráð, selt eða tekið í notkun.

2. Að því er varðar nýja gerð brennsluhitara sem íhlut, sem brennir fljótandi jarðolíugasi og er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I., II., og IV. til VIII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. október 2004:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu,

eða

b) banna að íhluturinn verði seldur eða tekinn í notkun.

3. Að því er varðar gerð ökutækis sem er búin hitakerfi, sem brennir fljótandi jarðolíugasi eða brennsluhitara sem íhlut, sem brennir fljótandi jarðolíugasi, sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I., II., og IV. til VIII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2006, synja um EB-gerðarviðurkenningu og er heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

4. Að því er varðar ökutæki með hitakerfi, sem brenna fljótandi jarðolíugasi og eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I., II., og IV. til VIII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2007:

a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE,

gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar

og

b) hafa heimild til að neita að skrá, selja og taka í notkun ný ökutæki

af ástæðum er varða hitakerfi.

5. Frá og með 1. janúar 2007 gilda þær kröfur I., II. og IV.–VIII. viðauka tilskipunar 2001/56/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, sem varða brennsluhitara sem íhluti sem brenna fljótandi jarðolíugasi, að því er tekur til 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2001/56/EB

A-HLUTI

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 1. viðbæti bætist við svohljóðandi nýir liðir 9.10.5.3 og 9.10.5.3.1:

„9.10.5.3. Stutt lýsing á gerð ökutækisins að því er varðar brennsluhitarakerfi og sjálfstýringu:.....“

9.10.5.3.1. Hönnunarteikning brennsluhitara, loftinntakskerfis, útblásturskerfis, eldsneytisgeymis, eldsneytiskerfis (þ.m.t. lokar) og raftengja sem sýnir staðsetningu þeirra í ökutækinu.“

Liður 9.10.5.3 (áður) verði liður 9.10.5.4.

b) Í viðbótinni við 2. viðbæti bætist nýir liðir 1.2.1 og 1.2.2 við og verði svohljóðandi:

„1.2.1. Tegund og gerð:.....“

1.2.2. Númer fhlutar og viðurkenningarnúmer, ef við á:.....“

c) Í stað liðar 1.2 í 3. viðbæti komi eftirfarandi:

„1.2. Nákvæm lýsing, hönnunarteikningar og lýsing á uppsetningu brennsluhitarans og allra fhluta hans:“

d) Í lið 1.1.2 í 5. viðbæti við I. viðauka komi „tilskipun 2001/56/EB“ í stað „tilskipun 78/548/EBE“.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 3.2.1 II. viðauka:

a) Í línunni „Hitari sem brennir loftkenndu eldsneyti“ í töflunni komi „Sjá aths. 3“ í stað „Sjá aths. 2 og 3“.

b) Athugasemd 2 falli brott.

B-HLUTI

Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„VIII. VIÐAUKI

ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR BRENNSLUHITARA SEM BRENNNA FLJÓTANDI JARÐOLÚGASI OG HITAKERFI SEM BRENNNA FLJÓTANDI JARÐOLÚGASI

1. HITAKERFI, SEM BRENNNA FLJÓTANDI JARÐOLÚGASI, TIL NOTA Í AKSTRI

1.1. Ef hægt er að nota hitakerfi, sem brennir fljótandi jarðolúgasi, í vélknúnu ökutæki einnig þegar ökutækið er á hreyfingu skal brennsluhitarinn sem brennir fljótandi jarðolúgasi og skömmtunarkerfi hans vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- 1.1.1. Brennsluhitari sem brennir fljótandi jarðolúgasi skal vera í samræmi við kröfurnar í samhæfðum staðli um forskriftir fyrir tæki sem ganga einvörðungu fyrir fljótandi jarðolúgasi — Própangas rýmishitunarbúnaður fyrir ökutæki og báta (EN 624:2000) (Room sealed LPG space heating equipment for installation in vehicles and boats) (*).
 - 1.1.2. Ef um er að ræða varanlega uppsetta geyma fyrir fljótandi jarðolúgas skulu allir íhlutir kerfisins sem koma í snertingu við fljótandi jarðolúgas í vökvafasa (allir íhlutir frá áfyllingareiningu að eimi/þrýstistilli) og tilheyrandi búnaður fyrir vökvafasa vera í samræmi við tæknilegu kröfurnar í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67, I. og II. hluta og 3.–10., 13. og 15.–17. viðauka (**).
 - 1.1.3. Í hitakerfi, sem brennir fljótandi jarðolúgasi, í ökutæki, skulu þeir hlutar sem komast í snertingu við fljótandi jarðolúgas í gasfasa vera í samræmi við kröfurnar í samhæfða staðlinum *Specifications for the Installation of LPG systems for habitation purposes in leisure accommodation vehicles and in other road vehicles* (EN 1949:2002) (***)).
 - 1.1.4. Kerfið sem skammtar jarðolúgasið skal vera hannað þannig að jarðolúgasið sé flutt við þann þrýsting sem krafist er og í réttum fasa fyrir uppsettan brennsluhitara sem brennir jarðolúgasi. Leyfilegt er að fjarlægja fljótandi jarðolúgas úr varanlega uppsettum geymi fyrir jarðolúgas, annaðhvort í gas- eða vökvafasa.
 - 1.1.5. Vökvaúttaki varanlega uppsetts geymis fyrir fljótandi jarðolúgas til að skammta jarðolúgas til hitarans skal fylgja fjarstýrður skömmtunarloki með yfirstreymisloka eins og krafist er í lið 17.6.1.1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67. Fjarstýrðum skömmtunarloka með yfirstreymisloka skal stjórnað þannig að hann lokist sjálfkrafa innan fimm sekúndna eftir að hreyfill ökutækisins stöðvast, án tillits til stöðu kveikjurofans. Ef rofinn fyrir hitarann eða skömmtunarkerfið fyrir jarðolúgasið er virkjaður innan þessara fimm sekúndna getur hitakerfið gengið áfram. Alltaf er hægt að endurræsa hitarann.
 - 1.1.6. Ef jarðolúgasi er skammtað í gasfasa úr varanlega uppsettum jarðolúgasgeymi eða aðskildu, færanlegu hylki/hylkjum fyrir jarðolúgas, skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja
 - 1.1.6.1. að ekkert jarðolúgas í vökvafasa geti komist inn í þrýstijafnarann eða brennsluhitarann sem brennir jarðolúgasi. Nota má skilju og
 - 1.1.6.2. óheft losun í kjölfar slyss má ekki eiga sér stað. Úrræði skulu vera til staðar til að stöðva streymi fljótandi jarðolúgass með því að setja upp búnað rétt fyrir aftan þrýstijafnara, sem er festur á hylki eða geymi, eða ef jafnarinn er ekki festur við hylkið eða geyminn, skal setja búnaðinn fyrir framan slönguna eða rörið frá hylkinu eða geyminum og viðbótarbúnaður skal settur upp fyrir aftan jafnarann.
 - 1.1.7. Ef fljótandi jarðolúgas er flutt í vökvafasa skal hita eiminn og þrýstijafnarann eftir því sem við á með viðeigandi varmagjafa.
 - 1.1.8. Í vélknúnum ökutækjum með knúningskerfi sem notar fljótandi jarðolúgas getur brennsluhitari sem brennir fljótandi jarðolúgasi verið tengdur sama varanlega uppsetta geyminum sem flytur fljótandi jarðolúgas til hreyfilsins, að því tilskildu að öryggiskröfum um knúningskerfi sé fullnægt. Ef sérstakur jarðolúgasgeymir er notaður til hitunar skal geymirinn vera útbúinn eigin áfyllingareiningu.
2. HITAKERFI SEM BRENNIR FLJÓTANDI JARÐOLÚGASI EINUNGIS TIL NOTA Í KYRRSTÖÐU
- 2.1. Brennsluhitari sem brennir fljótandi jarðolúgasi og skömmtunarkerfi hitakerfis sem brennir fljótandi jarðolúgasi sem einungis er ætlast til að sé notað þegar ökutækið er ekki á hreyfingu skulu vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:
 - 2.1.1. Fastir merkimiðar skulu festir á hólfíð þar sem færanlegir strokkar sem brenna fljótandi jarðolúgasi eru geymdir og nálægt stjórnþúnaði hitakerfisins, með leiðbeiningum um að hitarinn sem brennir fljótandi jarðolúgasi skuli ekki vera í gangi og að loki færanlega hylkisins skuli vera lokaður þegar ökutækið er á hreyfingu.
 - 2.1.2. Brennsluhitari sem brennir fljótandi jarðolúgasi skal vera í samræmi við kröfurnar í lið 1.1.1.

2.1.3. Í hitakerfi sem brennir fljótandi jarðölfugas, skulu þeir hlutar sem komast í snertingu við fljótandi jarðölfugas í gasfasa vera í samræmi við kröfurmar í lið 1.1.3.

(*) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma tilskipunar 90/396/EBE frá 29. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tæki sem brenna gasi (Stjttfð. EB C 202, 18.7.2001, bls. 5).

(**) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67:

Samræmd ákvæði um:

- I. Viðurkenningu á sérstökum búnaði vélknúinna ökutækja sem eru búin knúningskerfi sem notar fljótandi jarðölfugas.
- II. Viðurkenningu á ökutæki sem er búid sérstökum búnaði sem gerir kleift að knýja þau með fljótandi jarðölfugas að því er varðar uppsetningu á slíkum búnaði.

E/ECE/324	}	1. endursk./66. viðb./1. endursk.
E/ECE/TRANS/505		
E/ECE/324	}	E/ECE/324
E/ECE/TRANS/505		
E/ECE/324	}	1. endursk./66. viðb./1. endursk./1. leiðr.
E/ECE/TRANS/505		
E/ECE/324	}	1. endursk./66. viðb./1. endursk./2. leiðr.
E/ECE/TRANS/505		
E/ECE/324	}	1. endursk./66. viðb./1. endursk./2. breyt.
E/ECE/TRANS/505		

(***) EN 1949:2002 var unninn hjá Staðlasamtökum Evrópu (CEN). EN 624:2000 vísar til EN 1949:2002 (sjá lið 1.1.1).“

II. VIÐAUKI

Tilskipun 70/156/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við í I. viðauka:

„9.10.5.3. Stutt lýsing á gerð ökutækisins að því er varðar brennsluhitarakerfi og sjálfstýringu:

9.10.5.3.1. Hönnunarteikning brennsluhitara, loftinntakskerfis, útblásturskerfis, eldsneytisgeymis, eldsneytis-kerfis (þ.m.t. lokar) og raftengja sem sýnir staðsetningu þeirra í ökutækinu.“

Liður 9.10.5.3 (áður) verði liður 9.10.5.4.

2. Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 36 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	$M_1 \leq 2\,500$ (¹) kg	$M_1 > 2\,500$ (¹) kg	M_2	M_3
„36	Hitakerfi	2001/56/EB	X	X	X	X“

b) Í stað liðar 36 í 2. viðbæti komi eftirfarandi:

Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„36	Hitakerfi	2001/56/EB	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X“

c) Eftirfarandi liður 36 bætist við í 3. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„36	Hitakerfi	2001/56/EB	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X“

d) Eftirfarandi liður 36 bætist við 4. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	Færanlegir kranar í flokki N
„36	Hitakerfi	2001/56/EB	X“

e) Í liðnum „Merking bókstafa“ falli eftirfarandi bókstafir brott:

„I Notkun á einungis við um hitakerfi sem eru ekki sérhönnuð fyrir íverustaði.“

„P Notkun á einungis við um hitakerfi sem eru ekki sérhönnuð fyrir íverustaði. Ökutækið skal búið viðunandi kerfi í framhluta.“